

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, vegna bensínafgreiðslustöðvar við Norðfjarðarveg á Eskifirði.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 16. nóvember 2012 breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, vegna bensínafgreiðslustöðvar við Norðfjarðarveg á Eskifirði, sem samþykkt var í sveitarstjórn Fjarðabyggðar þann 24. maí 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 31. október 2012.

Í deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir bensínafgreiðslustöð við Norðfjarðarveg á Eskifirði. Landnotkun á svæðinu verður breytt úr opnu svæði til sérstakra nota í verslunar- og þjónustusvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 16. nóvember 2012.*

**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Erna Hrönn Geirsdóttir.*